

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

## Skýrsla Kvennanefndar Umdæmisins Ísland Færeyjar til Umdæmisstjórnarfundar 26. Nóvember 2011.

Í nefndinni eru auk undirritaðrar: Birna Guðjónsdóttir, Hildur Valsdóttir og Hjördís Harðardóttir.

Einnig verðum við í sambandi við kjörforseta kvennaklúbbanna, Emblu, Vörðu og Sólborgar samkvæmt skipuriti Ragnars Umdæmisstjóra auk þess sem ég á sæti í Fjölgunarnefndinni og verður þar einnig samstarf.

Kvennanefndin er búin að hittast einu sinni formlega og leggja línurnar, en við erum líka duglegar að nota tölvupóstinn og hafa ýmsar hugmyndir komið upp.

T.d. var áformað að taka þátt í kvennakvöldum í Garðheimum eða Blómavali eins og við gerðum í fyrra og segja konum frá hreyfingunni, sem sagt að Kiwanis sé líka fyrir konur og bjóða þeim á kynningarfund í kjölfarið en síðan kom í ljós að of stutt var í þessi kvöld og fyrirvarinn því of stuttur.

Þá var stefnan sett á Fjörð, verslunarmiðstöðina í Hafnarfirði, þeir hafa verið með konukvöld þar en nú hittist á að það verður sama kvöld og Jólabingóið sem Sólborgarkonur ætla að halda í sal Flensborgarskólans 1. Des n.k. svo við munum sleppa Firði en munum í staðinn með kynningu þarna á bingóinu og benda konum á starfandi klúbba og fundartíma og hvetja þær til að kíkja á fund hjá næsta klúbb.

Við erum líka með áform um að hafa kvennaboð í janúar, allt á léttu nótonum og prófa nýjar aðferðir við að kynna Kiwanis fyrir konum, það er búið að ákveða stund og stað og við erum byrjaðar að undirbúa það.

Dyngjurnar, græðlingsklúbbur Sólborgar, vex og dafnar og þar eru kraftmiklar konur sem eiga eftir að stofna fullgildan klúbb fyrr en varir.

Við lítum björtum augum á komandi starfsár og munum leggja okkar af mörkum til breiða út boðskapinn og fá fleiri konur í Kiwanis.

Fyrir hönd Kvennanefndar,

Guðbjörg B. Pálsdóttir, formaður